



Knattspyrnufélagið Haukar

Bæjarráð Hafnarfjarðar,
Strandgötu 4-6,
b.t. Haraldar L. Haraldssonar.
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði, 8. janúar 2017.

Ósk um breytingu á aðal- og deiliskipulagi á íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum.

Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir að hefja vinnu við breytingu á aðal- og deiliskipulagi á íþróttasvæði félagsins að Ásvöllum. Íþróttasvæði Hauka er 15,3 ha. að stærð og þegar hefur verið byggð myndarleg íþróttamiðstöð á Ásvöllum og nú er unnið að byggingu nýs íþróttá- og kennslusalar við íþróttamiðstöðina. Þá er gert ráð fyrir byggingu áhorfendastúku og tengibyggingar við íþróttamiðstöð sem jafnframt nýtist sem félagsaðstaða m.a. fyrir Frístundaheimi Hauka. Á svæðinu er enn fremur vallarhús, gervigrasvöllur og grasæfingarsvæði. Ósk um að hefja vinnu við breytingu á aðal- og deiliskipulagi á svæði félagsins er tvíþætt, annars vegar að hraða svo sem kostur er byggingu á knatthúsi, en knýjandi þörf er fyrir knatthús fyrir iðkendur knattspyrnudeildar, sem og að horfa til frekari nýtingar á svæði félagsins í ört vaxandi íbúabyggð á Völlum. Fram hafa komið hugmyndir um að á svæði félagsins verði reistar íbúðir fyrir íbúa, 50 ára og eldri, og þá einnig hugað að frekari húsnæðiskosti sem nýst gæti Knattspyrnuféluginu Haukum.

Knattspyrnufélagið Haukar býður upp á margþætta þjónustu við nærumhverfi og félagið telur það góðan kost að nýta svæðið sem best. Þéttung byggðar er einn af þeim þáttum sem aðalstjórn Hauka hefur haft til hliðsjónar við hugmynda- og þróunarvinnu um framtíðaruppbyggingu á svæði félagsins. Bygging íbúða fyrir íbúa, 50 ára og eldri, á ekki að raska þjónustubáttum Vallarhverfisins, miklu fremur að það styrki heildaruppbyggingu í hverfinu öllu og staðsetning nærrí íþróttamiðstöð Hauka, Ásvallalaug, og verslunar- og þjónustukjarna, er afar ákjósanleg.

Með vísan til ofanritaðs óskar Knattspyrnufélagið Haukar eftir formlegum heimildum til að hefja vinnu við breytingu á aðal- og deiliskipulagi á svæði félagsins.

Virðingarfyllst,

F.h. Knattspyrnufélagsins Hauka.

Samúel Guðmundsson

Samúel Guðmundsson,
formaður.

Magnús Gunnarsson

Magnús Gunnarsson,
framkvæmdastjóri.